

FAB 103

- Áfanginn er hugsaður til þess að kveikja og efla sköpunargáfu ungmenna, svo nýtist til þess að skapa tækninýjungar framtíðarinnar með tölvum.
- Unnið verður í nýrri stafrænni smiðju í MÍ (Fab-Lab).
- Áfanginn getur hentað nemendum á öllum brautum.
- Meðal viðfangsefna eru:
 - Stafræn framleiðslutækni og myndvinnsla
 - Laserskurður og tvívíð fræsing
- Kennari: Þröstur Jóhannesson

HAG 103 - Rekstrarhagfræði

- Nemendur fá innsýn í rekstur fyrirtækja og stofnana. Fjallað verður um fyrirtæki, stofnanir og samfélag, innra skipulag og framleiðslu.
- Fjallað um fjárhagslega afkomu fyrirtækja og að lokum um markaðssetningu og stefnumótun fyrirtækja.
- Áfanginn telur sem kjörsviðsáfangi með öðrum viðskiptagreinum.
- Nemendur á félags- og náttúrufræðibrautum mega taka 12 einingar af kjörsviði annarra brauta.
- Kennari: Friðgerður G. Ómarsdóttir.

KÓR 102

- Kórinn er valgrein sem gefur 2 einingar.
- Ýmis spennandi verkefni verða á dagskrá kórsins næsta vetur.
- Kórinn syngur við ýmsar athafnir í skólanum, útskriftir, skólasetningu o.fl. Í desember stóð kórinn fyrir aðventustund í Ísafjarðarkirkju ásamt leiklistarfélagi skólans.
- Kórinn hefur líka sungið við athafnir á vegum Ísafjarðarbæjar, t.d. á Silfurtorgi þegar kveikt er á jólatrénu og á 17. júní hátíð.
- Kórstjóri: Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir

TÖL 103

- Inngangur að forritun.
- Kynnt verða grunnatriði forritunarmáls og vinnuvenjur við smíði góðs hugbúnaðar.
- Áhersla verður lögð á verkefnavinnu.
- Áfanginn getur hentað nemendum á öllum brautum.
- Kennari: Guðjón Torfi Sigurðsson.